



4. formannafundur Aftureldingar 13. október 2010

Fundur settur kl. 20:05

Mætt frá deildum:

Badminton: Ingvar Stefánsson, **Blak:** Guðrún K. Einarsdóttir, **Frjálsar:** Hlynur Guðmundsson og Ólafur Ingi Óskarsson, **Handbolti:** Elín Reynisdóttir, **Karate:** Andrea Jónsdóttir, **Knattspyrna:** Kolbrún Þorsteinsdóttir, **Taekwondo:** Jón Levý og Richard Már Jónsson, **Fimleikar:** Anna Margrét Arnardóttir og Eva Magnúsdóttir

Mætt frá stjórn UMFA: Jón Pálsson, Sævar Kristinsson, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir. Helga Jóhannesdóttir hafði boðað forföll. Einnig sat fundinn Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

- 1) Samskiptaleiðir Aftureldingar við Mosfellsbæ.
- 2) Tilnefningar til verðlauna
- 3) Fundargerðir deilda
- 4) Siðareglur Aftureldingar
- 5) Öryggismál og umgjörð
- 6) Upplýsingavefur
- 7) Afreksráð
- 8) Tímatöflur og mótahald
- 9) Önnur mál

1. Samskiptaleiðir Aftureldingar við Mosfellsbæ

Jón formaður fór yfir mikilvægi þess að öll samskipti deilda félagsins við bæjaryfirvöld fari í gegnum formlegar samskiptaleiðir félagsins við bæinn. Bærinn vill að samskiptin séu í einum farvegi þegar um er að ræða málefni Aftureldingar.

2. Tilnefningar til verðlauna

Aðalstjórn hélt 3 fundi til að geta lokið við að ákveða hverjir hlytu þær viðurkenningar sem hún úthlutar á Uppskeruhátíð. Var það vegna þess að seint gekk að fá tilnefningar frá

deildum. Formaður ítrekaði mikilvægi þess að deildir tilnefni einstaklinga/hópa til allra viðurkenninga sem veittar eru á Uppskeruhátíð. Fram kom að sú umræða hefði komið upp að þær deildir sem ljúka sínu tímabili að vori ljúki sínum tilnefningum á þeim tímapunkti. Fram kom að handboltinn hefði reynt þetta síðastliðið vor en ekki gengið vel að fá skil frá þjálfurum. Ennfremur kom fram að æskilegt væri að ein manneskja innan hvorrar deildar bæri ábyrgð á þessum þætti og að þörf væri á að setja upp skýrt verkferli.

Ákveðið að taka Uppskeruhátíð á dagskrá á fyrsta formannafundi eftir hátíðina og fara yfir málin.

3. Fundargerðir deilda

Rætt var um mikilvægi fundargerða sem ,skv. samþykktum Aftureldingar, á að gera á fundum deilda. Formenn minntir á að senda fundargerðir til framkvæmdastjóra til varðveislu. Aðalstjórn hyggst birta sínar fundargerðir á vefnum þegar nýr og endurbættur vefur kemst í gagnið til að auka gegnsæi í félaginu og opna starfið betur. Deildir voru hvattar til að skoða þann möguleika að gera slíkt hið sama í framtíðinni en nokkrir formenn töldu það ekki mögulegt vegna þess hvernig fundargerðir eru færðar hjá þeim.

4. Siðareglur Aftureldingar

Fram kom að mistök höfðu orðið við útsendingu draga að siðareglum til formanna deildanna og einungis kynningarglærur sendar. Þannig höfðu formenn ekki plaggið sjálf til að gera athugasemdir við fyrir þennan formannafund. Nokkrar umræður urðu um þá punkta sem snerta á einhvern hátt náíð samneyti og hlutverk þjálfara og starfsmanna sem fyrirmyndir iðkenda.

Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi drögin að siðareglunum til formanna og þeir skili inn athugasemdum fyrir sunnudagskvöld 17. október.

5. Öryggismál og umgjörð

Á formannafundum hafa, í gegnum tíðina, komið upp umræður um hvernig best sé að bregðast við því þegar farið sé í hirslur/geymslur deilda og eignir þeirra teknar ófrjálsri hendi. Rætt var nýlegt dæmi um innbrot og þjófnað frá blakdeild. Aðalstjórn vill nú fá viðræður við bæinn um öryggismál í íþróttahúsinu t.d. um að setja upp betri upptökutæki og skerpa reglur um útlán lykla. Einnig að fá sett upp skilti sem segi að öll notkun tóbaks sé bönnuð á íþróttasvæðinu.

Aðalstjórn hefur tekið þá ákvörðun að allir þjófnaðir skuli kærðir til lögreglu og rétt leið fyrir deildir sem verða fyrir barðinu á slíku er að tilkynna atburðinn strax til framkvæmdastjóra sem sér um að kæra málið. Rætt að eðlilegt væri að setja upp tilkynningar um að allur þjófnaður sé tilkynntur til lögreglu.

Samþykkt að senda póst til allar foreldra í gegnum Felix kerfið um það hvernig tekið verði á þjófnaðarmálum í framtíðinni. Ritari aðalstjórnar og framkvæmdastjóri sjá um það.

6. Upplýsingavefur.

Eins og fram hafði komið áður á formannafundi þá er farin af stað vinna við endurnýjun upplýsingavefs félagsins. Vefhópur hefur tekið til starfa og haldið í raun áfram þeirri vinnu sem hafin var síðastliðið vor. Sagt frá þeirri vinnu sem farin er í gang og dreift útprentuðum þarfagreiningarspurningum sem deildir eru hvattar til að leggja yfir og svara út frá hagsmunum sinnar deildar. Brýnt að komi fram hvaða efni og hvers konar virkni deildirnar

telja að þær þurfi /vilji. Sagt frá drögum að tímaáætlun verkefnisins en samkvæmt henni er gert ráð fyrir að opna nýja vef á aðalfundi 2011.

Fram kom í máli Jóns Levý frá Taekwondo deildinni að hann hefði sent tveimur fyrrverandi framkvæmdastjórum greinargerð með sínum hugmyndum um útfærslu og virkni nýs vefs en ekki fengið nein viðbrögð. Formaður aðalstjórnar harmaði það en taldi skýringuna vera að ekki var á þeim tíma gert ráð fyrir að fara í endurnýjun vefsins vegna peningamála

Þarfagreiningin er í rafrænu formi og sendir framkvæmdastjóri öllum formönnum tengil á rafrænt form sem deildirnar fylla út og senda.

Framkvæmdastjóri sendir tengil á þarfagreiningarformið til allra formanna og er óskað eftir skilum fyrir formannafund í nóvember. Áminning um skil verður send út tímanlega.

7. Afreksráð

Fráfarandi afreksráð hefur skilað inn greinargerð um starfið í fyrra, sem var fyrsta ár þessa verkefnis. Þar er lagt til að halda áfram en nokkrar skipulagsbreytingar lagðar til. Fram kom að Halla Heimisdóttir verður áfram í afreksráði og Ásmundur Pálsson hefur verið tilnefndur í ráðið af aðalstjórn. Formaður óskaði eftir að formenn deilda tilnefndu 2-3 fulltrúa í afreksráð Aftureldingar. Formaður handboltadeildar, sem átti upphaflega sæti í afreksráði, lagði til að ráðið yrði skipað þjálfurum með íþróttakennaramenntun til að efla það faglega og tók fundurinn undir þá tillögu. Tillögur komu fram um eftirtalda fulltrúa: Svövu Ýr Baldvinsdóttur, Rögnu Björk Ingólfssdóttur, Vilberg Sverrisson, Höllu Karen Kristjándóttur og Elías Níelsson.

Ákveðið að Elín Reynisdóttir ræði við Svövu, Ingvar ræði við Rögnu og Kolbrún ræði við Vilberg, Höllu Karen og Elías. Þau láta framkvæmdastjóra vita um niðurstöður þeirra samtala. Framkvæmdastjóri sendir formönnum greinargerðina í tölvupósti.

8. Tímatöflur og mótahald.

Framkvæmdastjóri hóf umræðuna með því að benda á að talsvert sé um mót um helgar og það valdi óánægju þar sem sömu iðkendur lenda alltaf í því að þeirra æfingar falli niður og foreldrar sem greitt hafi iðkendagjöld séu ekki ánægðir með það né þær deildir sem verða fyrir þessu. Framkvæmdastjóri kallaði eftir umræðu innan félagsins um raunhæfar lausnir. Vegna niðurskurðar hjá bænum er húsinu lokað fyrr á daginn og allar deildir óánægðar þar sem æfingatímar hafa verið skornir niður hjá öllum. Formaður nefndi að foreldrar hefðu oft spurt hvers vegna æfingar væru settar á helgar og taldi lokalausnina felast í að allar æfingar færu fram á virkum dögum sem er þó fjarlægur möguleiki í dag. Miklar umræður urðu um þennan lið. Meðal annars kom fram hugmynd um að setja upp tjald í sal 3 til að hann nýttist betur yngri iðkendum. Einnig talið æskilegt að geta skipt sölum 1 og 2 öðru vísi en unnt er nú. Útleiga sala einnig rædd en reynslan sýnir að illmögulegt er að færa þá tíma.

Formaður minnti á þær viðræður sem hafa staðið við bæinn um að félagið komi meira að rekstri íþróttahússins. Ljóst að stytting opnunartíma frá hendi bæjarins er að koma illa við allar deildir og skoða þurfi nýtingu salanna og kanna hvort hægt sé að nýta þá enn betur en nú er gert. Framkvæmdastjóri leggur til að stofnuð verði tímatöflunefnd með nægjanlegum fyrirvara fyrir hvert haust þar sem fólk leggst yfir viðfangsefnið og kemst að sameiginlegri niðurstöðu. Framkvæmdastjóri lagði einnig til að dagsetningum fyrir mót vetrarins væri skilað inn fyrir vissa dagsetningu að hausti og ekki yrði bætt við mótum eftir þann skilafrest.

Athugasemd kom fram um að setja þyrfti upp vinnuferli varðandi skráningu inn í dagbókina og vefdagatalið.

9. **Önnur mál**

Sérstakar viðurkenningar. Á uppskeruhátíðum hafa amk undanfarið verið afhentir blómvendur til nokkurra aðila sem deildirnar telja að eigi skilið klapp á bakið fyrir gott starf, hvatningu, mætingu, stuðning o.s.frv. Formenn beðnir að senda tilnefningar.

Jafnréttisstefna. Í samræmi við ákvörðun um að setja félaginu jafnréttisstefnu var óskað eftir fulltrúum í hóp sem semja skal drög að jafnréttisstefnu. Fulltrúar í hópnum verða Anna Sigríður Guðnadóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Ásmundur Pálsson.

Gjald v. gistingar. Samkvæmt orðum bæjarstjóra skulu skólar bæjarins ekki rukka nema sem nemur útlögðum kostnaði þegar íþróttafélagið fær að nýta skólahúsin sem gististaði. Málið verður tekið aftur upp við bæjarstjóra.

Fundi slitið kl 22:10

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir